

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir dvalar- og hjúkrunarheimilið Holtsbúð.

Stofnun.

1. gr.

Neðanskráð sveitarfélög stofna hér með sjálfseignarstofnun sem ber nafnið Holtsbúð: Garðabær.

Bessastaðahreppur.

Stofnfé er kr. 500.000 og skal það haldast óskert að raungildi. Eignir stofnunarinnar eru þau framlög í reiðufé eða öðrum verðmætum sem berast stofnuninni og notuð eru í starfsemi hennar. Að undanskildu stofnfé samkvæmt lögum bera stofnendur engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjálfseignarstofnunarinnar, aðrar en þær sem ákveðnar verða í sérstökum samstarfssamningum, sbr. 6. gr.

Skuldir eru engar.

Heimili og varnarþing stofnunarinnar er í Garðabæ.

Markmið.

2. gr.

Tilgangur og hlutverk stofnunarinnar er að reka dvalar- og hjúkrunarheimili, er veitir öldruðum umönnun og hjúkrun í samræmi við lög og reglur þar um.

Tilgangi þessum hyggst stofnunin ná með því að:

- Auka félagslega og heilsufarslega velferð aldraðra.
- Beita sér fyrir skipulagningu á tómsundastarfi aldraðra.
- Leita eftir framlagi úr hendi stjórnvalda, sbr. lög um málefni aldraðra og önnur lög er málið varðar.
- Leita eftir samstarfssamningum.

Um stjórn.

3. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð sex fulltrúum og jafnmörgum til vara. Bæjarstjórn Garðabæjar skipar fimm menn og jafnmarga til vara í stjórn og hreppsnefnd Bessastaðahrepps skipar einn mann í stjórn og annan til vara. Falli atkvæði stjórnarmanna jöfn með og á móti máli, ræður atkvæði formanns.

Kjörtímabil stjórnar skal vera hið sama og kjörtímabil sveitarstjórnar. Stjórnarmenn skulu hafa kosningarétt og kjörgengi í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Stjórn stofnunarinnar skal halda fundi að jafnaði einu sinni í mánuði. Skylt er að boða til stjórnarfundar, ef þriðjungur stjórnarmanna óskar þess eða endurskoðendur gera um það tillögu. Stjórnin skal halda gerðabók þar sem fundargerðir eru færðar. Fundargerðir stjórnarinnar skulu reglulega sendar stofnendum.

Framkvæmdastjóri stofnunarinnar boðar stjórnarfundum á þann hátt sem stjórnin ákveður. Framkvæmdastjóri stofnunarinnar skal sitja fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Stjórnin getur boðað aðra starfsmenn stofnunarinnar á fund ef þurfa þykir.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar fer með fjármál hennar og annast framkvæmdir, ræður framkvæmdastjóra og annað starfsfólk samkvæmt tillögu framkvæmdastjóra. Stjórn stofnunarinnar skal setja stofnuninni þær reglur sem nauðsyn krefur.

Stjórn stofnunarinnar skal árlega gera fjárhagsáætlun fyrir stofnunina og skal hún send stofnendum í októbermánuði fyrir það ár, sem í hönd fer.

Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda í samráði við kjörna skoðunarmenn. Árlega skal gera reikning stofnunarinnar samkvæmt lögum, reglum og góðri reikningsskilavenju. Reikningur stofnunarinnar skal sendur stofnendum fyrir 1. júní ár hvert, áritaður af löggiltum endurskoðendum, skoðunarmönnum og stjórn stofnunarinnar.

Framkvæmdastjóri skal hafa prókúru fyrir stofnunina.

Um skoðunarmenn.

5. gr.

Bæjarstjórn Garðabæjar og hreppsnefnd Bessastaðahrepps skulu kjósa stofnuninni hvor sinn skoðunarmann og jafnmarga til vara. Skoðunarmenn skulu hafa kosningarétt og kjörgengi í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Aðal- og varamenn í sveitarstjórn og starfsmenn sveitarfélaganna eru eigi kjörgengir sem skoðunarmenn.

Kjörtímabil skoðunarmanna skal vera það sama og stjórnar. Skoðunarmenn skulu yfirfara ársreikning stofnunarinnar. Einnig skulu þeir athuga einstök fjárhagsleg málefni stofnunarinnar, eftir því sem þeim finnst ástæða til.

Um samstarfssamninga.

6. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal gera samning við stofnendur um útvegum húsnæðis fyrir starfsemi stofnunarinnar og framlög vegna endurbóta á húsnæðinu. Óski einhver aðili eftir samstarfi í þá veru að tryggja vistrými fyrir aldraða með því að greiða stofnkostnað slíks rýmis, er stjórninni heimilt að gera um það sérsamning við hlutaðeigandi aðila. Ennfremur er stjórninni heimilt að gera samstarfssamninga við stofnendur um skipulag, umsjón og rekstur þjónustuverkefna í þágu aldraðra, s.s. um heimaþjónustu og félagsstarf aldraðra.

Um vistun

7. gr.

Stjórn heimilisins ákveður hvernig vistun skuli háttáð og setur reglur þar um. Þeir einir skulu vistaðir sem uppfylla skilyrði laga og reglugerða um vistun.

Starfsemi hætt.

8. gr.

Telji stjórnin sér ekki fært að annast rekstur stofnunarinnar eða hluta hennar áfram, skal hvorum stofnaðila gefinn kostur á að taka við rekstri, enda verði hlutverk óbreytt. Að þeim frágengnum fellur stofnunin með öllum eignum hennar til sveitarfélaganna með þeirri kvöð að hún verði áfram nýtt í þágu aldraðra.

Eigi ekkert þessara atriða við skal ráðstafa eignum stofnunarinnar í sem líkustum tilgangi við upprunalegan tilgang hennar.

Um nýja aðila.

9. gr.

Heimilt er að fjölga aðilum að stofnuninni með samþykki beggja stofnenda.

Breyting á skipulagsskrá.

10. gr.

Meirihluti stjórnar getur breytt skipulagsskrá þessari, enda hljóti breytingin staðfestingu rétttra yfirvalda.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. október 1999.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Jón Thors.

27. október 1999

Nr. 734

GJALDSKRÁ

**fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit
Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.**

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald kr. 4.800

Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun kr. 3.500

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu, hefur haft vottað gæðakerfi eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald eitt tímagjald

og auglýsingakostnaður ef við á

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald eitt tímagjald

og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks

ásamt auglýsingakostnaði ef við á

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Starfsleyfisgjald eitt tímagjald

og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar,

úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á.